



Gleði í lok landsfundar Ný forysta Sjálfstæðisflokksins var kjörin á landsfundi í gær. Ólöf Nordal tók við varaformennsku af Hönnu Birnu Kristjánsdóttur og Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir bauð sig óvænt fram til ritara og var kosin. Nýja forystan var kampakát í lok fundar. Sjá síðu 10 FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Á þriðja hundrað með í málinu gegn Björgólfi

Þátttakendur í málsóknarfélagi sem stefnir Björgólfi Thor Björgólfssyni eru 207, einstaklingar og lögaðilar. Hæstaréttarlögmaðurinn Ragnar Hall segir Björgólf ekki geta kafið félagsmenn um bætur. Stefnan verður þingfest á morgun.

DÓMSMÁL „Með þessari hóp málsókn er stigið mikilvægt skref í átt að aukinni vernd fyrir fjárfesta á Íslandi,“ segir Vilhjálmur Bjarnason alþingismaður um stefnu málsóknarfélags á hendur Björgólfi Thor Björgólfssyni.

Stefnan verður þingfest á morgun. Á sama tíma verður lagður fram listi yfir þá sem taka þátt í málsókninni. Þátttakendur eru núna 207 talsins, en þeir sem að málsókninni standa telja að fleiri muni bætast í hópinn. Á meðal þeirra eru Karen Millen, Kristján Loftsson í Hval, Bolli Héðinsson hagfræðingur, Svana Helen Björnsdóttir, fyrrverandi formaður Samtaka iðnaðarins, Lífeyrissjóður verkfræðinga, Lífeyrissjóður starfsmanna íslenskra sveitarfélaga og fleiri. Áður hafði verið greint frá aðkomu Vilhjálmur og Lífeyrissjóðsins Stapa að málinu.

Málsóknarfélagið telur að Björgólfur Thor hafi leynt upplýsingum um eignarhald sitt á Landsbankanum til að komast undan reglum um birtingu upplýsinga um viðskipti

Lögmenn geta eins og aðrir bakað sér ábyrgð með orðum sínum og framgöngu. Undirritaður fær ekki séð hvernig slíkt geti beint snert félagsmenn í hóp málsóknarfélagsi.

Ragnar H. Hall hæstaréttarlögmaður

bankans við hann. Þau viðskipti hafi verið langt yfir þeim mörkum sem Fjármálaeftirlitið heimilaði.

Þá byggir félagið málalíbúning sinn á því að Samson eignarhaldsfélag, sem var í eigu Björgólfs og föður hans, hafi allt frá árinu 2006 ráðið yfir meirihluta atkvæða í Landsbanka Íslands hf. og því hafi félagið haft skyldu til að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð. Þetta hafi komið í ljós eftir að upplýst varð um umfangsmikil kaup Landsbankans á eigin bréfum sem meðal annars voru geymd í aflandsfélögum sem lutu stjórn bankans.

Þegar fréttir voru sagðar af máls- höfðuninni fyrr á árinu varaði Björgólfur Thor hugsanlega þátttakendur í málsóknarfélaginu við miklum kostnaði sem þeir myndu þurfa að bera af henni. „Leiði rangar ásak- anir lögmanna í minn garð til tjóns bera félagsmenn óskipta ábyrgð á hugsanlegum bóttum. Þeir sem hafa hæst í málinu fría sig þannig ábyrgð á kostnað almennra hluthafa,“ sagði Björgólfur.

Í lögfræðialiti sem Ragnar H. Hall hæstaréttarlögmaður hefur gert fyrir málsóknarfélagið hafnar Ragnar því að Björgólfur Thor geti sótt bætur til félagsmanna vegna rangra sakargifta. „Um ábyrgð á yfirlýsing- um lögmanna undir rekstri máls fer annars eftir almennum reglum – lögmenn geta eins og aðrir bakað sér ábyrgð með orðum sínum og framgöngu. Undirritaður fær ekki séð hvernig slíkt geti beint snert félagsmenn í hóp málsóknarfélagsi sem lögmaðurinn vinnur fyrir,“ segir í áliti Ragnars sem Fréttablaðið hefur undir höndum – jhh

Skörp beygja tekin til vinstri

STJÓRN MÁL „Ég upplifi það þannig að við höfum bæði verið að skerpa á stefnu okkar til vinstri, hvað varðar jöfnuð og misskiptingu auðs og hvaða aðgerðir er hægt að framkvæma til að sporna við því,“ sagði Katrín Jakobsdóttir eftir landsfund VG í gær. Katrín nefnir nýjar til- lögur VG um samfélagsbanka, vel- ferðarmál, menntamál og fleira. – srs / sjá síðu 8

LANDMARK
FASTEIGNASALA

Sími

512 4900

landmark.is

LANDMARK

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Sigríður Ingibjörg skrifar um fæðingarorlof. **12**


SPORT Patrekur byggir upp nýtt lið í Austurríki. **14**

MENNING Kristín Svava Tómas- dóttir gefur út ljóðabók. **20**


LÍFIÐ Taktar Orra hrífa. **26**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FASTEIGNIR ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



PEANIN Eymundsson



EINSTAKT
OPNUNARTILBOÐ



3 RÉTTA
KVÖLDVERÐUR

2 GLÖS
AF LÉTTVÍNI

6.990 KR.

BORG RESTAURANT

PÓSTHÚSSTRÆTI 11 - 101 REYKJAVÍK

S: 578 2020

BORGRESTAURANT.IS

Veður



Í dag verður Víða léttskýjað og kalt í veðri, en skýjað og smáél í fyrstu austanlands. Fremur hægur vindur nema við suðausturströndina, þar er spáð ákveðinni norðaustanátt en fer að lægja síðdegis. **SJÁ SÍÐU 18**

Enn sér ekki fyrir enda á viðræðum

KJARAMÁL „Við erum búin að halda uppi samræðum frá því klukkan ellefu í morgun,“ sagði Arni Stefán Jónsson, formaður SFR, rétt áður en að Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi.

Enn sér ekki fyrir endann á viðræðum SFR, sjúkraliða og lögreglumannanna við ríkið og allt stefnir í áframhaldandi verkföll að óbreyttu.

„Við vinnum út frá því að leysa þetta áður en næsta verkfall hefst,“ sagði hann en verkföll félagsmanna SFR hefjast aftur á fimmtudaginn næstkomandi og lýkur daginn eftir. Þá hefst önnur verkfallshrina mánudaginn 2. nóvember og lýkur þriðjudaginn eftir.

„Við höfum áður sagt að kostnaðarrámminn er klár en hann hefur verið klár í nokkurn tíma,“ sagði Arni Stefán. „Við höfum verið að reyna að mæta okkur inn í þennan kostnaðarramma. Það er að segja hvað kemur mikið 2015, hvað kemur mikið 2016 og svo framvegis. Við erum ekki alveg búin að lenda því og ég var að vona að við værum komin lengra hvað það varðar.“

Arni Stefán sér ekki fyrir sér hvernær viðræðum gæti lokið en þó séu þær komnar á sæmilegan skrið.

Þá tíu daga sem eru liðin frá því að verkfallsaðgerðir hófust hafa 1.600 starfsmenn Landspítalans verið í allsherjarverfalli svo og SFR-félagar hjá Tollstjóranum, hjá sýslumannsembættunum um allt land og hjá Ríkisskattstjóra. Enn fleiri hafa farið í skemmrí verkföll. – srs

Við vinnum út frá því að leysa þetta áður en næsta verkfall hefst.

Arni Stefán Jónsson
formaður SFR
stéttarfélags í almannajónustu



Hökkíleikar í Skautahöllinni



Svokölluð Ofurhelgi fór fram á Íslandsmóttinu í ishokki og hófst fjórð á föstudaginn í Skautahöllinni í Laugardal. Til að gefa sem flestum tækifæri til að kynna sér íþróttina ákvað Íshökkisamband Íslands ásamt aðildarfélögum og samstarfsaðilum að hafa ókeypis á alla leiki helgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Leitin að Herði enn án árangurs

LEIT Áfram var leitað að Herði Björnssyni í gær en hans hefur verið saknað síðan 14. október.

Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsingafultrúi Landsbjargar, sagði leitina í gær engan árangur hafa borið en leitað var á ákveðnum svæðum í höfuðborginni og fyrir utan hana, meðal annars í Heiðmörk og nágrenni Elliðavatns og lauk leitinni um klukkan sjö í gærkvöld. „Það var verið að leita í skúrum og sumarhúsum. Svæðum þar sem fólk gæti hafst við.“

Hún sagði enn óskað eftir því að fólk setti sig í samband ef það hefði einhverjar upplýsingar um ferðir Harðar. „Við erum enn að biðja fólk um að vera vakandi ef það sér hann og hringja þá í 112.“

Hörður er um 188 sentimetrar, ljóshærður og með rautt skegg. – gló

Ekið á tvö börn á sömu gatnamótum á árinu

Tvisvar sinnum hefur verið keyrt á barn á gatnamótum Hringbrautar og Hofsvallagötu á árinu. Borgarfulltrúar vilja gera svæðið öruggara en eru ósammála um aðferðina. Foreldrar segja mikilvægt að öryggi á staðnum verði bætt.

SLYS Foreldrar í Vesturbæ Reykjavíkur segja í opnum Facebook-hóp að gatnamót Hofsvallagötu og Hringbrautar séu óásættanleg og eru uggandi um öryggi barna sinna. Í síðustu viku var keyrt á tíu ára gamlan dreng með þeim afleiðingum að hann fótbrotnaði og í janúar varð litlu eldri drengur fyrir sendibíl á sama stað.

„Maður sér það miðað við slysskráningu að þetta er einn hættulegasti staður borgarinnar fyrir óvarða vegfarendur. Ég hef lengi talið að það þurfi að grípa til aðgerða til að bæta þar úr. Eitt af því sem ég hef velt fyrir mér og látið skoða er að þess verði freistað að setja þarna algjörlega örugga leið. Annaðhvort með undirgöngum eða göngubrú,“ segir Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

Kjartan segir það þó ekki auðvelt vegna þrængsla en segir það hafa verið gert við svipadar aðstæður með góðum árangri. „Þetta er ekki hin fullkomna lausn sem bjargar öllu en með þessari lausn væri búin að tryggja örugg göngutengsl yfir Hringbraut.“

Hjálmar Sveinsson, formaður Umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, á von á því að umræða um gatnamótin verði á dagskrá á næsta fundi ráðsins. Hann segir lausn Kjartans þó ekki skynsamlega. „Bæði er mjög þröngt þarna auk þess sem það mun ekki koma í veg fyrir að fólk fari yfir götuna. Við teljum að fólk muni ekki taka mjög langan krók til að komast í undirgöng eða yfir brú,“ segir Hjálmar. Hann segir mikinn árangur hafa náðst undanfarnin ár í að fækka slysum, helst með því að lækka hámarkshraða. „Það hefur oft verið



Hætta þykir stafa af gatnamótum Hofsvallagötu og Hringbrautar. Borgarfulltrúar gefinir á um leiðir til þess að bæta úr. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Maður sér það miðað við slysskráningu að þetta er einn hættulegasti staður borgarinnar fyrir óvarða vegfarendur.

Kjartan Magnússon
borgarfulltrúi



talað um að lækka hámarkshraðann niður í þrjátíu en það þarf að gerast í samstarfi við Vegagerðina og lögreglu.“

„Þegar borgin hefur viljað lækka hefur það gerst að lögreglan hefur sagt nei og segir ástæðuna þá að gatan hafi yfirbragð götu þar sem keyra má hraðar. Mér finnst þetta algjörlega

óþolandi viðbrögð en þetta hafa verið viðbrögðin engu að síður,“ segir Gísli Marteinn Baldursson, fyrrverandi borgarfulltrúi og fyrrverandi formaður hverfisráðs Vesturbæjar. Gísli segir málið hafa verið rétt á meðan hann gegndi formennsku.

„Eina leiðin sem eitthvert vit er í er að endurhanna götuna sem rólega innanhverfisgötu eins og gert var við Hofsvallagötu með mjög góðum árangri. Hraði þar hefur verið lækkaður verulega og engar umferðarteppur hafa myndast,“ segir Gísli. Hann er ekki hrifinn af þeirri hugmynd að byggja brú eða grafa undirgöng. „Það er arfavítlaus hugmynd sem á rætur að rekja til sjöunda áratugarins er menn vildu aðgreina alla umferð. Einhverjir vilja enn vinna eftir þeim hugmyndum en þær eru úreltar. Börn munu áfram fara yfir götuna þar sem þau koma að henni.“ **thorigny@frettabladid.is**

FENÚR

Fagrað um endurnýtingu og úrgang

Hringrás plasts

Haustráðstefna Fenúr

þriðjudaginn 27. október 2015 kl. 10:00
Haldið hjá Ölgerðinni, Gróthálsi 7 - 11

Dagskrá má finna á:
www.fenur.is

TAX



SÍÐASTI DAGUR!

FREE

AF ÖLLUM VÖRUM Í ÖLLUM BÚÐUM



AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT
AF ÖLLUM VÖRUM.
TAX FREE TILBOÐ
JAFNGILDIR **19,35%**
AFSLÆTTI. AFSLÁTTURINN
ER Á KOSTNAÐ
RÚMFATALAGERSINS.
VIRÐISAUKA ER AÐ
SJÁLFSÖGÐU SKILAÐ
TIL RÍKISSJÓÐS.

RÚMFATALAGERINN ER Á 5 STÖÐUM: SKEIFUNNI - SMÁRATORGI - KORPUTORGI - AKUREYRI - SELFOSSI

Rússarnir sprengja borgina mína

Kinan Kadoni finnst hann ekki heppinn að hafa flúið Síryland. Hann missir oft samband við fjölskyldu sína sem neitar að flýja á gúmmibátum yfir hafid. Þungbært að horfa upp á sírylensk börn á flóttu. Vonar að stríðinu í Sírylandi ljúki en hefur ekki trú á því.

Snærós
Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



Ég nýt þess ekki lengur að sofa. Ég nýt ekki heita vatnsins og ég nýt ekki matar. Ég finn ekki bragðið af honum lengur.

„Það er eins og að deyja eitt hundrad sinnum að sitja hér og lesa í fréttum að rússneskar sveitir séu að sprengja í borginni minni. Það er eins og að deyja eitt hundrad sinnum þar til ég veit hvað gerðist, hvar þeir skutu og hver dó,“ segir Kinan Kadoni, sírylenskur flóttamaður.

Kinan á móður og tvo bræður í borginni Saraqib í norðvesturhluta Sírylands. Hann flúði Síryland fyrir fimm árum, tveimur mánuðum áður en stríð braust þar út. Hann er í raun liðhlaupi úr sírylenska hernum.

21 árs gamall var hann í tækniskóla og hefði verið tekinn í herinn um leið og skólagöngu lauk. Hann flúði einungis nokkrum dögum fyrir lokaprófið. „Eldri bróðir minn fór í herinn. Hann er veikur í bakinu en var settur í sérsveitina, sem fylgir erfiðasta þjálfunin og mesta álagið. Honum var sagt að til þess að fá auðveldari verkefni yrði hann að borga undir borðið. Það voru tvö erfið ár sem við eyddum í að borga fyrir hann svo herþjónustan væri honum bærilægri.“

Kinan hefur hæli í Belgíu og hefur nú, tæpum fimm árum síðar, fengið vegabréf og er þar með kleift að ferðast. Hann setur það skilyrði fyrir viðtalinu að ræða ekki hvernig hann komst frá Sírylandi til Belgíu, svo þungbær var sú ferð.

„Þegar ég fór frá Sírylandi hafði ég aldrei verið að heiman. Ég hafði kannski gíst þrjár til fjórar nætur utan heimilis míns alla mína ævi. Frændi minn bjó í Belgíu og það kom ekki annað til greina. Ég gat ekki valið land þar sem ég þekkti engan.“

Það tók langan tíma fyrir Kinan að fá hæli í Belgíu. Málsmeðferðin tók þrjú og hálf ár og á þeim tíma bjó hann í athvarfi fyrri hælisleitendur, með sjö evrur á viku í vasapening.

„Sumir í Sírylandi segja að ég sé heppinn að hafa flúið en ég sé það ekki þannig. Ef ég hefði verið í Sírylandi þegar stríðið braust út hefði ég orðið eftir. Aðstæður móður minnar og bræðra verða verri með hverjum deginum en þau þrauka. Í okkar huga er mjög erfitt að yfirgefa heimili okkar.“

Í september á þessu ári fékk Kinan vegabréf í Belgíu. Þá stóð hann frammi fyrir þeim valkosti að fara til Sírylands og heimsækja fjölskyldu sína, eða fara til Grikklands

ad hjálpa flóttamönnum sem fara yfir hafid. Hann valdi eyjuna Lesbos á Grikklandi.

„Mér leið eins og ég yrði að vera þar. Áður en ég fór til Grikklands reyndi ég að fá mömmu mína til að koma þangað með bát. Ég sagði henni að það væri auðvelt og hún yrði að gera það. En í Grikklandi hugsaði ég með mér að sem betur fer hefði hún sagt nei. Ég get ekki sætt mig við hugmyndina um mömmu í þessari aðstöðu.“

„Börnin voru sárasti hlutinn fyrir okkur öll. Hjartað brestur þegar þú horfir í augun á þeim og sérð þau gráta. En samt, ég spurði einn hvers vegna hann væri þarna og hann svaraði því að kennarinn sinn hefði sagt að nú væri enginn skóli og allir þyrftu að fara í frí. Á einhvern hátt fannst mér það gott, því hann skildi ekki hvað var að gerast en á sama tíma varð ég svo sorgmæddur því hann vissi ekki hvað beið hans og í hvaða aðstæðum hann væri.“

Það sat lítil stelpa á ströndinni og var að teikna. Hún sagði mér að sig langaði að verða lækni, fara heim aftur og hjálpa fólkinu. Og þetta sagði hún bara brosandandi og teiknandi. Sum börn voru eins og hleðslutæki. Eftir langan og erfiðan dag gáfu þau okkur orku til að halda áfram.“

En er Belgía, eftir fimm ár, orðin eins og heimili Kinans? „Belgía var heimili mitt áður en ég fór til Grikklands en ekki lengur. Hugur minn er enn í Grikklandi og mér líður eins og ég sé okunnugur í landinu. Á nóttunni þegar ég ligg í mjúka rúminu mínu og fæ fréttir um að bátur sé að koma til Lesbos þá finn ég svo sterkt að ég eigi ekki að vera þarna. Ég nýt þess ekki lengur að sofa. Ég nýt ekki heita vatnsins og ég nýt ekki matar. Ég finn ekki bragðið af honum lengur.“

Kinan segist vona að stríðinu í Sírylandi ljúki en hefur ekki trú á því. „Núna er Síryland fullt af vopnum. Næstum allir eiga byssu. Stundum óttast ég að ástandið verði eins og í Sómalíu. Það er stríðið sem ég óttast mest, stríðið sem kemur á eftir þessu.“



Kinan er tuttugu og sex ára gamall. Hann gerir ekki ráð fyrir því að flytja aftur til Sírylands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mótstaða gegn ISIS í Saraqib

Heimaborg Kinans er í norðvesturhluta Sírylands. Einungis 32 þúsund manns búa í borginni og meirihlutinn er súnni-múslimar. Árið 2012 varð mikill bardagi um borgina á milli sírylenska hersins og uppreisnarmanna sem börðust undir merkjum frelsishers Sírylands.

Eftir einungis nokkra daga náði sírylenski herinn yfirhöndinni og uppreisnarmenn hörfuðu.

Kinan á fjölskyldu í Saraqib



22.402
flóttamenn komu til Belgíu sama ár og Kinan, 2011

Neyðarbrautin yrði ekki virk

SAMGÖNGUR ÞG verktakar hafa sent beiðni til Samgöngustofu um að fá að reisa fyrstu byggingarkranana á Hlíðarendasvæðinu svokallaða þar sem um sex hundruð íbúðir og stærsta hótél landsins munu rísa á næstu misserum.

Fáist beiðnin samþykkt verður ekki hægt að nota norðaustur-/suðvesturflugbrautina, sem oft hefur verið kölluð „neyðarbrautin“, meðan á framkvæmdum stendur.

Þorvaldur Gissurarson, eigandi ÞG verktaka, sagði í samtali við Vísi að hann byggist við svari á allra næstu dögum enda sé gert ráð fyrir fyrstu skóflustungunni á svæðinu í dag eða á morgun.

Þorvaldur segir að lengi hafi verið ljóst að leggja verði niður flug um brautina meðan á þessum framkvæmdum stendur.

„Við skiptum okkur svo sem ekkert af því enda gera ÞG verktakar ekki neitt annað en að koma inn á lóð sem er deiliskipulögð af Reykjavíkurborg og með útgefið byggingarleyfi sem



Vélar Flugfélags Íslands á Reykjavíkflugvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

búið var að gefa út áður en við fórum af stað. Fyrir okkur er þetta nákvæmlega sama fyrirkomulag og að byggja í Grafarholti eða í Bryggjuhverfinu,“ segir Þorvaldur. Deila ríkis og borgar sé þeim óviðkomandi.

Guðni Sigurðsson, upplýsingafulltrúi Isavia, segir í samtali við Vísi að fari kranar upp á þessu svæði muni það óneitanlega verða til þess að flugi

verði beint á aðrar brautir - í þeim tilvikum þar sem það er mögulegt.

„Þessi braut er náttúrulega bara notuð í ákveðinni vindátt, þegar það er of mikill hliðarvindur á hinar brautirnar. Ef ekki verður hægt að nýta brautina þá gætu flugvélar einfaldlega ekkert lent á vellinum í ákveðnum veðrum,“ segir Guðni. Þessu muni því fylgja þjónustuskerðing fyrir flugið í landinu. –söj

HARPA

Gledi og

FRÍÐARJÓL

Jólatónleikar Pálma Gunnarssonar ásamt Ragnheiði Gröndal í Eldborg Hörpu
19. desember kl. 21.00

Miðasala á harpa.is, tix.is og í síma 528 5050

DÆGURFLUGAN

BMW EfficientDynamics

X4 xDrive20d 5,4 l/100 km 142 kW (190 hÖ)

BMW X4

www.bmw.is



Sheer
Driving Pleasure



ÓHEFÐBUNDINN.

REYNSLUAKTU NÝJUM BMW X4 Í DAG.

Flestir feta troðnar slóðir. Nýr fjórhjóladrifinn BMW X4 xDrive er ekki einn af þeim og það sést. Óhefðbundið útlit og BMW xDrive undirvagn eru aðalsmerki þessa nýja og spennandi BMW.

BMW X4 20d xDrive. Nýja 190 hestafla dísilvél in í BMW X4 20d xDrive notar einungis 5,4 l/100 km* í blönduðum akstri og skilar honum frá 0-100 km/klst. á aðeins 8 sekúndum. Verið velkomin í reynsluakstur!

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Ásgeir Jónsson er höfundur skýrslunnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Úttekt á styttingu náms

MENNTUN „Ef stytting námstíma til stúdentsprófs verður til þess að breyta námsmynstri og færa útskriftarhlutfall og námstíma íslenskra ungmenna nær því sem þekkist á Norðurlöndum þá hefði það mjög jákvæð áhrif á bæði mannaútsmyndun og meðalframleiðni í landinu.“

Þetta segir í niðurstöðum hagfræðilegrar úttektar á styttingu náms í framhaldsskólum. Það var Ásgeir Jónsson hagfræðingur sem gerði úttektina. Hún var birt á vef ráðuneytisins á föstudaginn. – jhh

British Airways til Íslands

SAMGÖNGUR Farþegaþota British Airways lenti á Íslandi klukkan korter í þrjú í gær. Með því hefur flugfélagið endurvakið áætlunarflug til landsins.

Hlynur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, bauð flugfélagið velkomid á ný til Íslands sem hann sagði hið tuttugasta og fyrsta sem héldi úti áætlunarflugi til landsins og hið níunda sem starfrækti flug allan ársins hring. – jhh

Gjörningur í Rio



Tölf metra hárr gulri gúmmiönd og 2.000 smærri öndum var komið fyrir á Copacabana ströndinni í Rio de Janeiro í tengslum við mótmæli sem þar fóru fram í gær. Tveir stærstu atvinnurekendur Brasilíu, FIESP og Firjan, mótmæltu skattahækkun sem ríkisstjórnin boðar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Segir mistök hafa verið gerð í Íraksstríðinu

Tony Blair viðurkennir að innrásin í Írak hafi stuðlað að uppgangi Íslamska ríkisins. Segir jafnframt erfitt að biðjast afsökunar á að Saddam Hussein var steypt af stóli. Borgarastyrjöld hefði getað brotist út með Hussein við völd.

BRETLAND Fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, Tony Blair, hefur beðist afsökunar á ákveðnum þáttum er varða Íraksstríðið.

Afsökunarbeiðnin kom fram í viðtali við sjónvarpsstöðina CNN Europe sem sýnt var í gær og var meðal annars greint frá á vef BBC.

Í viðtalinu sagði hann ákveðið sannleiksgildi í fullyrðingum þess efnis að stríðið hafi stuðlað að uppgangi Íslamska ríkisins. Þó sagði hann erfitt að biðjast afsökunar á því að hafa steypt Saddam Hussein af stóli árið 2003. Ef ekki hefði verið gripid til þeirra aðgerða hefði borgarastyrjöld getað brotist út í Írak líkt og átti sér stað í Sýrlandi.

Í viðtalinu biðst hann einnig afsökunar á því að ekki hafi verið nægilega vel staðið að viðbrögðum og eftirmálum þess að steypa Hussein af stóli og segir að notast hafi verið við fölsuð gögn til þess að réttlæta árásina.

Stutt er í að Sir John Chilcot, formaður nefndar um Íraksstríðið, tilkynni hvenær rannsóknarskýrsla um stríðið verður birt. Skýrslunnar hefur verið beðið í talsverðan tíma en nefndin hóf störf árið 2009 og hefur vinnsla hennar því staðið yfir í rúm sex ár. Skýrslunni er ætlað að varpa ljósi á ákvarðanatöku breskra stjórnvalda varðandi stríðið og verkefni nefndarinnar að kanna þátttöku Bretlands í Íraksstríðinu í von um að geta dregið af henni einhvern lærdóm.

Í kjölfar ummæla forsætisráðherra fyrrverandi sagði Nicola Sturgeon, forsætisráðherra Skotlands og leiðtogi Skoska þjóðarflokksins, á samskiptamiðlinum Twitter að landið biði enn eftir að heyra sann-



Tony Blair var forsætisráðherra Bretlands frá árinu 1997 til ársins 2007. NORDICPHOTOS/AFP

» Stutt er í að Sir John Chilcot, formaður nefndar um Íraksstríðið, tilkynni hvenær rannsóknarskýrsla um stríðið verður birt.

leikann og það væri hneyksli hversu lengi Chilcot-skýrslan hefði verið í smíðum. Sturgeon gaf jafnframt í skyn að viðtalið væri hluti af spuna Blairs í tengslum við skýrsluna.

Skrifstofa Blairs neitaði því að með viðtalinu væri Blair að gera tilraun til að koma sínum sjónarmiðum að áður en Chilcot-skýrslan kæmi út og líklegar gagnrýnisráddir færu að heyrast. Talsmaður Blairs sagði hann alla tíð hafa beðist afsökunar á því að leynipjónustan hefði haft rangt fyrir sér og gert mistök í undirbúningi. Hann hafi einnig alla tíð sagt og stæði við það að honum þætti ekki hafa verið rangt að steypa Hussein. gydaloa@frettabladid.is

KRÓNAN

- fyrst og fremst ósýri



Fylgstu með
Jóladagatali Krónunnar
á kronan.is



Jóladagatal



***GILDIR TIL 28. OKTÓBER**

1899 kr. á dós

Quality Street, 1315 g
*Gildir á meðan birgðir endast

Fylgstu með Jóladagatali Krónunnar á kronan.is

VIÐ TÓKUM ÁKVÖRÐUN: AÐ VEITA BESTU BANKAÞJÓNUSTU Á ÍSLANDI ...

... svo þú eigir
auðveldara með að
taka þínar ákvarðanir

Sumar ákvarðanir um fjármál eru hversdagslegar, aðrar með þeim mikilvægustu á lífsleiðinni. Okkar hlutverk er að veita þér bestu ráðgjöf, fræðslu og þjónustu sem völ er á til að auðvelda þér að taka þínar ákvarðanir.

Við tökum vel á móti þér í næsta útibúi og á islandsbanki.is




Vetrarvörur



Hleðslutæki og vaktar fyrir allar gerðir rafgeyma



Yuasa rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða, snjósleða og fjórhjól



Gates drifreimar fyrir Snjósleða og fjórhjól



Rúðusköfur ýmsar gerðir.



Startkapalar margar gerðir.



Sérblandaður rúðuvökvi 5 l.

THULE
SWEDEN

Bretta- og skíðafestingar



LIQUI MOLY

Efnavörur fyrir bíla

 **Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is | stilling@stilling.is



Bjarni Benediktsson beið ósigur í nokkrum málum á fundinum, meðal annars tengdum verðtryggingunni. En hann var endurkjörinn formaður með 96 prósentum atkvæða. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ungt fólk eins og flóðbylgja á fundinn

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins var óvenju átakalíttill. Meirihluti Evrópusambandsinna hefur yfirgefið flokkinn. Flokkurinn er klofinn á milli ungra frjálslyndra og eldri íhaldssamra féлага. Framboð Áslaugar Örnú til ritara kom eins og þruma úr heiðskiru lofti.

Snærós
Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



STJÓRN MÁL Landsfundur Sjálfstæðisflokksins var tileinkaður 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Áhersla á konur var augljós í öllum undirbúningi fyrir fundinn en myndir af nokkrum fyrrverandi kvenráðherrum flokksins héngu flennistórar í Laugardalshöll. Á milli dagskrárliða var spilað myndband með ungum konum í floknum þar sem þær sögðu sína skoðun á stjórn málum dagsins í dag. En fundurinn sjálfur var bókstaf-

lega tekinn yfir af ungum sjálfstæðismönnum og þeirra sjónarmiðum. Samband ungra sjálfstæðismanna mætti gríðarlega vel undirbúið á fundinn og gekk sem ein heild inn í málefnaefndir með breytingartillögum. Þær breytingartillögur voru í 89 prósent tilfella samþykktar úr nefnd.


Og ræðumönnum varð nær öllum tíðrætt um að lausnin á sögulega slæmu fylgi flokksins væri framgangur ungs fólks. Það var engu líkara en eldra fólkið í floknum drægi sig í hlé gagnvart vel skipulögðum ungliðum. Það voru fáar mótbáru við frjálslyndum tillögum þeirra þó að ein-

staka hnuss heyrðist í eldra fólki sem þó var tilbúið að viðurkenna ósigur sinn.

Bjarni Benediktsson samþykkti tillögur þvert á stefnu ríkisstjórnarinnar, meðal annars í gjaldmiðlamálum. Hann lagði til málamiðlunartillögu við einarðlega stefnu Efnahags- og viðskiptanefndar um að hefja ætti undirbúning að upptöku annars gjaldmiðils en krónu.

Tillaga Bjarna hljóðaði svo að skoða ætti til þrautar að taka upp mynt sem væri gjaldgeng í alþjóðavíðskiptum í stað krónunnar. Þar var ljóst að Bjarni talaði gegn eigin sannfæringu, eða stefnu.

Fylgi Sjálfstæðisflokksins á landinu öllu
skv. fylgiskönnun MMR



Flokkurinn klofinn í tollamálum

Flokkurinn er algjörlega klofinn í afstöðu sinni til tolla á innflutta landbúnaðarvöru. Á öðrum vængnum ganga ungir sjálfstæðismenn fremstir í flokki þeirra sem vilja afnema alla tolla á innflutt matvæli. Fyrir fundinum lá tillaga um að afnema tolla á fjórum árum.

Á hinum vængnum eru bændur og eldri kynslóð sjálfstæðismanna. Það var Ari Edwald, forstjóri Mjólkursamsölnunnar, sem fyrstur veitti tillögunni andspyrnu. Hann vildi fella tillögur þeirra út í heild sinni sem

meðal annars kváðu á um að endurskoða ætti búvörulög og að samkeppnislög ættu að gilda um landbúnað eins og aðrar atvinnugreinar.

Þungavigtarmenn í sögu Sjálfstæðisflokksins, eins og Halldór Blöndal, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, tóku undir með Ara.

Formaður flokksins, Bjarni Benediktsson, leysti málið með málamiðlunartillögu þess efnis að tollaafnámið á fjórum árum færi út. Það var samþykkt, en ljóst var að bændur voru ekki að fá það sem þeir vildu.

Yngri kona breikkar ásýnd flokksins

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir kom öllum á óvart þegar hún bauð sig fram á móti Guðlaugi Þór Þórðarsyni þingmanni í embætti ritara flokksins. Guðlaugur dró framboð sitt til baka við tíðindin.

„Ég held að tilkoma mín inn í þetta starf breikki ásýnd forystunnar. Ég er í háskóla



Ég er núna að hugsa um framtíðina, hvernig fólk getur haft trú á stjórn málum og að koma sjálfstæðishugsjóninni áfram.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, nýr ritari Sjálfstæðisflokksins

og á vinnumarkaði á sumrin svo kannski er ég meira að upplifa það sem aðrir kjósendur eru að upplifa.“

Áslaug segist ekki búin að ákveða sig hvort hún nýti starfið sem stökkpall í næstu alþingiskosningum. „Ég er núna að hugsa um framtíðina, hvernig fólk getur haft trú á stjórn málum og að koma sjálfstæðishugsjóninni, sem ég hef svo mikla trú á, áfram.“ Áslaug hlaut 92 prósent atkvæða og táraðist í þakkaræðu sinni.

LYFJA
- Lifið heil

20%
afsláttur

af Panodil lausasölulyffjum



Panodil-dagar í október

www.lyfja.is

**Lægra
verð í
Lyfju**

Þriggja ára barn lést í bíslslysi

SLYS Þriggja ára barn lést á laugar-daginn þegar það varð undir jeppa á bílastæði við sveitabæ í Biskups-tungum. Slysíð varð um klukkan fimm síðdegis. Lögregla, sjúkralið og undanfarahópur björgunar-sveitarinnar á Flúðum voru kölluð á vettvang auk þyrlu frá Land-helgisgæslu Íslands.

Samkvæmt upplýsingum á vef lögreglunar var barnið flutt með þyrlu á sjúkrahús í Reykjavík, en það var úrskurðað látið þar. Rann-sókn málsins er í höndum rann-sóknardeildar Lögreglunnar á Suðurlandi, tæknideildar Lögreglu höfuðborgarsvæðisins og Rann-sóknarnefndar samgönguslysa. – skó



Björgunarsveitarnir að störfum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Steig ofan í hver og brenndist

BJÖRGUN Björgunarsveitir fyrir austan fjall voru kallaðar út eftir hádegi á laugardag til að sækja erlendan ferðamann í Reykjadal. Maðurinn, sem var á göngu, steig í hver og brenndist á fæti.

Björgunarsveitir fóru á staðinn ásamt sjúkraflutningamönnum. Sá slasaði var búinn undir flutning og borinn niður, um tveggja kílómetra leið, á bílastæði við Hveragerði þar sem sjúkrabíll beið hans. – jhh



Biskup Íslands segir kirkjuráð van-treysta sér. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Telur sig ekki njóta trausts

TRÚMÁL Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, og kirkjuráð hafa sammælt um að leita eftir álitni lögfræðinga á því hvar mörk ábyrgðar og hlutverks kirkju-ráðs og biskupsembættis liggja. Þetta kom fram í setningarræðu Agnesar á kirkjuþingi á laugar-dagsmorgun.

Agnes sagði í ræðunni að hún telji sig hafa mætt vantrausti í störfum sínum í kirkjuráði sem hún telur ómálefnalegt og ómaklegt. Hún sagði ekki ofsagt að samstarfið í kirkjuráði hafi verið brokkgengt það ár sem liðið er frá því að nýir fulltrúar kirkjuþings voru kosnir í kirkjuráð. – bo

Rupert Murdoch og Jerry Hall að draga sig saman

BANDARÍKIN Fjölmíðlamógúllinn og milljarðamæringurinn Rupert Murdoch og fyrrverandi fyrirsætan og leikkonan Jerry Hall eru sögð eiga í ástarsambandi.

Murdoch er 85 ára gamall og er eigandi og stofnandi fjölmiðlafyrirtækisins News Corp og eru hann og Hall sögð hafa verið kynnt af systur hans og frænku en fyrirsætan fyrrverandi er 59 ára gömul.

Undanfarnar vikur hafa sögusagnir þess efnis að Murdoch og Hall væru par látið á sér kræla en nú er því haldið fram að parið muni koma opinberlega

fram saman á úrslitaleik heimsmeistarakeppninnar í rugby sem fram fer þann 31. þessa mánaðar á Twickenham-leikvanginum í London.

Náinn fjölskylduvinnur Murdochs sagði í samtali við The Telegraph að hann væri afar hrifinn af Hall og það væri engin spurning um að þau væru par. Þau eiga að hafa eytt saman tíma nýlega í Kaliforníu auk þess sem þau nutu samneytis hvort annars á Broadway-söngleiknum Hamilton í New York.

Murdoch á sex börn og hefur verið



Rupert Murdoch er eigandi og stofnandi fjölmiðlafyrirtækisins News Corp.

NORDICPHOTOS/GETTY

giftur þrisvar. Síðast Wendi Deng en þau skildu árið 2013 þegar orðrómur þess efnis að hún ætti í ástarsambandi við Tony Blair gekk fjöllumum hærra. Þær sögusagnir hafa þó aldrei verið staðfestar. Hall bjó með söngvaranum Mick Jagger frá árinu 1977 en þau slitu sambandinu árið 1999 og eiga saman fjögur börn.

Fjölmíðlaveldið News Corp á meðal annars dagblöðin The Times, The Sunday Times, The Sun og The Wall Street Journal auk útgáfufyrirtækisins Harper Collins. – gló

Með fulla stjórn í eldhúsinu

Nýir Bosch bakstursofnar, Serie 8.



Bosch-gæði í hverju smáatriði.

Bosch kynnir til sögunnar nýja, glæsilega ofna með háþróuðum skynjurum og fleiri byltingarkenndum nýjungum.

Nýju skynjararnir gefa frábæra niðurstöðu, hvort sem er verið að elda lax, kalkúna eða baka bollakökur. Þetta er framtíðin í steikingu og bakstri. Allir nýju ofnarnir geta gengið saman hver með öðrum og myndað samstæða heild.

Kynntu þér málið nánar hjá sölumönnum okkar.

BOSCH

BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · Sími 520 3090

www.bosch.is

Endurtekið efni um helgina



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Tveir af gömlu fjórflokkunum héldu sína landsfundi nú um helgina sem var að líða. Annar flokkurinn deilir völdum í höfuðborginni en hinn á landsvísi en ekki verður nú sagt að kjósendur hafi gripið andann á lofti yfir stórvöldurum. Sitthvað var rætt og ályktað og leynir sér ekki hvar áhugasvið flokkanna liggja. Mál-efni náttúrunnar og Palestínu brenna á vinstrimönnum á meðan einkavæðing, ferlin þar að lútandi, s.s. brauðmola-leiðir, virðist eiga hug hægrimanna. Allt með svo kunnuglegum hætti að það getur reynst kjósenda, sem hefur dott- að yfir fréttunum, erfitt að átta sig á því hvort blundurinn hafi varað í tíu mínútur eða tíu ár.

Allt eru þetta stór og mikilvæg mál. Því er ekki að neita en það breytir því ekki að það er sitthvað og jafnvel meira aðkallandi sem brennur á íslensku samfélagi. Þar má nefna stefnu Útlendingastofnunar og málefni flóttamanna, stöðu aldraðra og öryrkja sem margir hverjir búa við smánarlega kröpp kjör, verðtrygginguna og þau okurkjör sem íslensk heimili búa við á bankamarkaði, launamisrétti kynjanna og dapra stöðu kvenna, m.a. innan dómskerfisins, afleita stöðu heilbrigðiskerfisins sem stendur enn frammi fyrir réttmætri kjarabaráttu starfsmanna sinna með tilheyrandi álagi og biðlistalengingu, fátækt á Íslandi og biðraðirnar við Fjölskyldu- hjálpinu með fólki sem kviðir jólahátíðinni jafnt sem morgundeginum að ógleymdri afletri stöðu í málefnum íslenskrar löggæslu. Það er af nægu að taka og efalítið er eitthvað að gleymast í þessari upptalningu. Einhver gæti jafnvel haldið því fram að hin brýnustu úrlausnarefni íslensks samfélags væru mun meiri og fleiri en þessi þjóð ætti að geta sætt sig við.

Vinstri græn hafa þegar spreytt sig á viðskiptabanni við Ísrael í samstarfi við meirihlutann í borgarstjórn. Það tókst ekki vel. Var allt fremur vanhugað og klaufalegt og virtist helst vera hugsað sem kveðjufjöf til borgarfulltrúa sem ákvað að hætta störfum. Mun stærra mál og alvarlegra er að þegar hafa Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur staðið í því að einkavæða banka. Það tókst herfilega til í það skiptið og afleiðingarnar voru ómurlegar fyrir íslenskt samfélag sem og orðspor þjóðarinnar á alþjóðavettvangi.

Það er að minnsta kosti einhvern veginn erfitt að verjast þeirri hugsun að saga íslenskra stjórnmála sé of oft saga endurtekinna mistaka. Mistaka sem eru svo reyndar nánast án undantekninga öðrum að kenna, en það er önnur saga og ennþá dapurlegri; þessi um ábyrgðarleysið í íslenskrri pólitík. Stóra umhugsunarefnið er að fólkið í landinu með þau vandamál sem á því brenna hverju sinni upplifir sig langt fyrir utan þennan heim stjórnmála- anna. Þessu þurfa stjórnmálaflokkarnir að breyta, allir sem einn, og koma sér að verki við að bæta úr brýnustu úrlausnarefnum samfélagsins í dag fremur en halda hástemmdar ræður um það hvernig þetta verður nú allt á morgun eða eftir önnur tíu ár.

Það er að minnsta kosti einhvern veginn erfitt að verjast þeirri hugsun að saga íslenskra stjórnmála sé of oft saga endurtekinna mistaka.

Halldór



Frá degi til dags

Áherslan á unga fólkið
Það var athyglisvert að fylgjast með umfjöllun fjölmiðla um mál-efnavinnu Sjálfstæðisflokksins á landsfundi og í aðdraganda hans. Augljóst er að Sjálfstæðisflokkurinn á undir högg að sækja þegar kemur að fylgi unga fólksins. Og flokkurinn er farinn að bregðast við því. Það er í því ljósi sem 89% tillagna ungra sjálfstæðismanna hljóta brutargengi í nefndum og eru bornar upp á landsfundi. Og það er í því ljósi sem forystumenn flokksins leggja áherslu á að frumvarp um afnám einkasölu ríkisins á áfengi hljóti afgreiðslu á Alþingi. Líklegur er nú, en nokkru sinni áður, að það mál verði afgreitt í þinginu fyrir næsta sumar.

Nýi ritarinn

Aftur að landsfundi. Þegar kemur að persónukjöri má miðaldra karlmaður sin litils gegn ungru konu. Sérstaklega þegar persónukjörinu fer fram á fundi stjórnmála- flokks sem tileinkaður er 100 ára kosningaafmæli kvenna og þar sem lögd er áhersla á aukna þátttöku ungliðanna í starfinu. Þetta sýndi sig á landsfundi Sjálfstæðis- flokksins um helgina. Það var hárrétt hjá Guðlaugi Þór Þórðar- syni, fráfarandi ritara Sjálfstæðis- flokksins, að stiga úr stólmum með reisin og hleyptu Aslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur að eftir að hún tilkynnti um framboð sitt. Bæði standa betur að vigi á eftir.

jonhakon@frettabladid.is

Hærrí greiðslur og lengra fæðingarorlof



Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
þingkona
Samfylkingarinnar og
formaður
velferðarnefnar

Það er fátt gleðilegra en að eignast lítið barn. Fæðingarorlofinu er ætlað að tryggja börn- um samvistir við báða foreldra sína og jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Þessum markmiðum er nú ógnað vegna fjárskorts. Árið 2008 tók 91% feðra fæðingarorlof en ekki nema 78% árið 2014. Auðvitað taka flestir foreldrar fæðingarorlof þrátt fyrir að tekjurnar læki mikið en æ fleiri þurfa að stytta þann tíma eða sleppa því alfarið. Fjölskyldur með ungbörn njóta ekki náðar ríkisstjórnar Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar. Hámarksgræiðslur fæðingarorlofsins eiga að standa í stað og verða 370.000 krónur á mánuði þriðja árið í röð. Hefði fæðingarorlofið ekki verið skert eftir Hrun væri það um 820.000 krónur í dag.

Við í Samfylkingunni viljum hækka hámarks- græiðslur í fæðingarorlofi úr 370.000 kr. í 500.000 kr. á mánuði. Foreldrar eiga rétt á 80% af tekjum sínum í fæðingarorlofi upp að vissu hámarki. Með 500.000 króna hámarki væri tryggt að fólk með meðallaun nyti fullra réttinda. Þetta er mikið hags- munamál fyrir nýbakaða foreldra sem oft eru með þunga framfærslu og háan húsnæðiskostnað og eiga því erfitt með að lækka verulega í tekjum mánuðum saman.

Þegar fæðingarorlofinu sleppir tekur oftast við erfitt tímabil. Þetta vita allir sem bedið hafa von- göðir eftir leikskólalássi mánuðum saman og þurft að treysta á dýrari dagvistun þann biðtíma, ef hún er þá til staðar. Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðar- dóttur lengdi fæðingarorlofið í 12 mánuði og átti sú lenging að taka að fullu gildi 1. janúar 2016. Hægri stjórnin hætti við lenginguna til að geta lækkað veiðigjöldin. Við í Samfylkingunni viljum lengja orlofið aftur í 12 mánuði og leggja þeim fjölmörgu sveitarfélögum lið sem vilja hjálpa fjölskyldum að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla.

Við í Sam- fylkingunni viljum lengja orlofið aftur í 12 mánuði.

Í REYKJAVÍK VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA!

RÚNAR
70 JÚL
SVEITAPILTSINS
DRAUMUR

HÁSKÓLABÍÓ
31. OKTÓBER

EYÞÓR INGI · MAGNI · VALDIMAR · SALKÁ SÓL
ASAMT SÉRVALINNI ROKKSVEIT
UNDIR STJÓRN JÓNS ÓLAFSSONAR



TRYGGDU ÞÉR
MÍÐA Á TIX.IS

Að fá stjórnur ...

Í DAG



Guðmundur
Andri Thorsson
rithöfundur

Um daginn fór ég að hugsa um stjórnugjafir í listdómum, alveg út í loftið, eiginlega himinhvolfið. Ég hafði lesið nokkra dóma um listviðburði þennan daginn, misgáfulega eins og gengur, og tók allt í einu eftir þessum fjarans stjórnunum sem mér þóttu hanga utan á ritsmíðunum, eins og óþarfir og rognir forstjórar.

Límmiðar

Þetta er vissulega þénugt. Sé maður lauslega forvitinn um einhverja liststarfsemi eða feril tiltekins listamanns en ekki nægilega til að maður nenni að lesa heila grein um afurðir viðkomandi getur maður séð á stjórnugjöfinni í fljótu bragði hvernig til tókst. Í mjög fljótu bragði og mjög almennt talað. Listamenn þurfa vissulega á viðbrögðum að halda við sköpun sinni – „hvernig var þetta hjá mér?“ er algengasta spurning listamanna sem til er – en þeir hafa í rauninni ósköp lítið við stjórnur að gera; fá listamaðurinn fullt hús gleðst viðkomandi auðvitað, en er svo sem litlu nær að öðru leyti. Hefði verið meira gaman að fá rósir.



**Hvernig á slíkt frammi-
stöðumat að geta farið
fram? Fær Ódysseifskviða
fjórar eða fimm stjórnur?
Andalúsiuhundurinn? En
Bakkabræður í Austur-
stræti? Er slík mynd yfir-
höfuð nokkurs staðar í ná-
munda við þá vidd þar sem
stjórnugjöf tíðkast? Njála?
Fær hún kannski bara þrjár
stjórnur út af allri leiðinlegu
og vitlausu lögfræðinni sem
þar er að finna, og dregur
óneitanlega úr þeirri ánægju
sem lesandinn kann að hafa
af lestrinum?**

Að fá stjórnur fyrir listaverk er eins og þegar maður var í skóla og fékk Ágætt, Gott, Sæmilegt eða Afátt fyrir. Að fá stjórnur er eins og að fá límmiða fyrir verkefni, sem maður má svo setja í límmiðabókina sína. Umbun fyrir unnið starf, veitt af einhverjum sem er hærra settur listamanninum sjálfum í stigveldi menningarlífsins. Þetta er angi af ákveðinni tilhneigingu til infantíliseringar listamanna í samfélaginu; setja listamanninn í barnslegt hölf í samfélaginu þar sem hann getur fengið að leika sér. Listamaðurinn er náttúrlega í sambandi við barnið í sér eins og við eigum öll að vera, og getur sótt það þegar á þarf að halda – alveg eins og gamalmennið í sér, konuna í sér, karlinn, vitringinn eða fávítann – öll þessi mannlegu einkenni og hlutverk sem listamenn fást við: en listamaðurinn er ekki barn og þarf ekki að leika hið óábyrga og óþekka barn í samfélaginu; og listamaðurinn á ekki að vera í stöðu barnsins gagnvart kennaranum þegar hann stendur frammi fyrir gagnrýnandanum.

Að fá stjórnur fyrir listaverk ... það er eitthvað skrítið við það, eitthvað rangt, eitthvað sem geigar gersamlega og er algerlega á skjön við sjálfa liststarfsemina ... Að fá umsögn í stjórnunum eftir sköpun á listaverki er eins og að fá afslátt á farmiða til Akureyrar að afloknu prófi í vélaverkfræði í staðinn fyrir einkunn. Það er eins og að spyrja hvar salernið sé og fá afhenta brauðrist. Það er ágætt í sjálfu sér en beinist að allt öðru sviði en því sem um er fjallað. Og fyrir sjálfan „neytandann“ sem kann að hafa áhuga á listum er það að skoða stjórnugjöf í stað þess að lesa heila umsögn eins og að borða duftið af maggisúpu án þess að það sé sett út í heitt vatn.

Fimmtán kúbíksentimetra mynd Stjórnugjöfin er hluti af viðleitni til að búa til „frammistöðumat“ um listaverkið og skipa því niður í flokka eins og gert er við lambakjöt. Þetta er gert til hægðarauka fyrir „neytandann“, og lítið svo á að listaverkið sé vara á markaði sem þar til gerðir „matmenn“ gefa einkunnir og segja til um hversu hæft sé til neyslu.

Hvernig á slíkt frammistöðumat að geta farið fram? Fær Ódysseifskviða fjórar eða fimm stjórnur? Andalúsiuhundurinn? En Bakkabræður í Austurstræti? Er slík mynd yfirhöfuð nokkurs staðar í námunda við þá vidd þar sem stjórnugjöf tíðkast? Njála? Fær hún kannski bara þrjár stjórnur

út af allri leiðinlegu og vitlausu lögfræðinni sem þar er að finna, og dregur óneitanlega úr þeirri ánægju sem lesandinn kann að hafa af lestrinum?

Þetta er ekki einfalt mál. Öll góð list er nefnilega svolítið vond (samkvæmt hefðbundnum mælikvörðum, brýtur einhverjar reglur) – og öll vond list er dálítið góð. Margir miklir listamenn leita skekkjunnar í atferli einstaklinga og samfélaga og þurfa að fara krókaleiðir til að finna hana. Það er í skekkjunni sem við finnum mennskuna, en stundum kemur ekkert í leitirnar annað en skekkjan.

Listaverk sem lánast nær að hæfa mann í þær stöðvar heilans sem taka við og vinna saman úr lista-

verkum svo að úr verður heildarkennd sem lýsa má sem unaði; fyrir kemur meira að segja að heimsmynd manns breytist. Hvernig lýsir maður slíkri reynslu? Hvernig gefur maður geðshræringu stjórnur? Til hvers að gefa brosi stjórnur?

Sérhvert listaverk er organismi, lífheild, öðruvísi en öll önnur verk, sérstakt; lýtalaust eða gallað eftir atvikum. Það fer stundum eftir sjónarhorni þess sem horfir á það. Galli á listaverki er oft helsti kostur þess. Og öfugt. Stjórnugjöf er ámóta vel fallin til að lýsa listaverkum og kúbíksentimetrar. Og svo er hitt: það er ekki hægt að gefa afmarkaðan fjölda af stjórnunum. Þær eru nefnilega óteljandi rétt eins og listin hefur í sér ómælið sjálft.



Gæði og glæsileiki
endalaust úrval af hágæða flisum



Finndu okkur
á facebook

Flísabúðin

Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Tel mig vera góðan þjálfara

Patrekur Jóhannesson er byrjaður að byggja upp nýtt landslið í Austurríki sem á að toppa á EM árið 2020. Landsliðsmaðurinn fyrrverandi segist vera hamingjusamur í starfi sem hann elskar.

HANDBOLTI „Þetta er miklu meiri viðvera en áður og ég er á ferð og flugi milli Íslands og Austurríkis,“ segir Patrekur Jóhannesson, landsliðsþjálfari Austurríkis, en hann er hættur að vera landsliðsþjálfari í aukastarfi og er í fullri vinnu hjá Austurríkismönnum.

Undir stjórn Patreks hafa Austurríkismenn verið að ná eftirtektarverðum árangri en hann tók við liðinu árið 2011. Patrekur kom liðinu á EM 2014 og svo aftur á HM ári síðar.

Austurríki komst þó ekki inn á EM sem fer fram í Póllandi í janúar næstkomandi. Í kjölfarið taka við kynslóðaskipti hjá austurríska liðinu en Patrekur hefur verið að leggja grunninn að þessum tímamótum í nokkurn tíma.

Reynsluboltar hættu

„Það eru fimm til sex leikmenn sem voru með okkur á HM í Katar sem eru að detta út. Þetta eru menn eins og Roland Schlinger og fleiri. Þeir eru bara orðnir of gamlir,“ segir Patrekur en hann vonast eftir því að Victor Szilagyi haldi áfram með liðinu eins lengi og hann getur.

„Árið 2011 byrjaði ég að taka inn unga stráka sem eru að bera liðið uppi núna. Til að mynda tvíburarnir Alex og Max Hermann. Þeir eiga að vera hjartað í þessu sem og Nikola Bilyk en hann er líklega á leið til Kiel eftir þennan vetur. Svo er ég með hornamennina Robert Weber og Raul Santos. Þetta verða mínir lykilmenn,“ segir Patrekur en Bilyk er að verða 19 ára og framtíðarstjarna enda tryggð Alfired Gíslason sér þjónustu hans fyrir þó nokkru.

Litið úrval af mönnum

„Ég viðurkenni vel að það er ekkert allt of mikið af leikmönnum til þess að velja úr en ég reyni að búa til gott lið úr því sem við höfum í höndunum. Það er framar björtustu vonum að hafa komist á HM og EM. Það er ótrúlega gott hjá okkur og gaman að við erum tilnefndir sem eitt af liðum ársins í Austurríki. Fótboltinn mun þó væntanlega rúlla því kjóri upp.“

Patrekur skrifað síðast undir samning við Austurríkismenn til ársins 2020 og því ljóst að menn þar á bæ hafa trú á verkum hans.

Horft fimm ár fram í tímann

„Við erum að reyna að búa til lið fyrir EM 2020 sem verður meðal annars haldið í Austurríki. Mín vinna snýst mest um að búa til lið sem á að toppa þar. Við ætlum að vera með B-landslið en það gekk ekki upp þar sem það er ekki nægur mannskapur til staðar,“ segir Patrekur.

Austurríki hélt EM árið 2010 en Patrekur segir erfitt að festa fingur á hvort það hafi skilað íþróttinni miklu heima



Patrekur á einni af gleðistundum sínum með austurríska liðinu en þær hafa verið þó nokkrar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

fyrir. „Maður finnur alveg fyrir áhuga eins og eftir HM í Katar en handboltinn er í ákveðinni krísu þarna út af aðstöðuleysi. Ef við tökum til að mynda lið eins og West Wien, sem Hannes Jónsson þjálfar, þá held ég að þeir æfi í þrem mismunandi höllum. Handboltinn er í erfiðri samkeppni því í Austurríki snýst þetta mikið um fótbolta og skíðaíþróttir.“

Fín umgjörð

Handknattleikssambandið í Austurríki er með um tíu starfsmenn eða helmingi fleiri en HSÍ til að mynda. Það eru til peningar í handboltanum og mikil starfsemi hjá sambandinu.

„Umgjörðin í kringum landsliðið er mjög góð. Það er nánast hægt að gera allt sem ég fer fram á og ég get ekki kvartað yfir neinu.“

Í næsta mánuði er Austurríki að fara að spila í undanriðli fyrir HM en góður árangur þar tryggir liðinu sæti í umspili næsta sumar um laust sæti á HM. Austurríki er í riðli með Rúmeníu, Finnlandi og Ítalíu í riðli.

„Við verðum væntanlega helst í keppni við Rúmena og eðlilega langar okkur á HM þó svo við séum að byrja með nýtt lið. Aðalmarkmiðið núna er að komast á EM 2018 og

vera svo með topplið árið 2020,“ segir Patrekur en sér hann fram á að klára samninginn og vera enn með liðið eftir fimm ár?

Skemmtilegt starf

„Ég er með samning og stefni því ekki á neitt annað. Auðvitað veit maður aldrei í þessu starfi þar sem brugðið getur til beggja vona. Það er samt ákveðið traust eftir fjögur ár í starfi. Ég er búinn að semja við þá þrisvar og við vitum hvar við höfum hvorir aðra.“

Vinnur mikið í gegnum tölvuna frá Íslandi

Samhliða þjálfuninni er Patrekur í mastersnámi í íþróttum, þjálfun og visindum í Háskólanum í Reykjavík. Hann þarf að sækja nám þrisvar í viku og segir námið fara vel með þessari vinnu. „Auðvitað gengur samt vinnan fyrir og ég hef þurft að fara ansi oft út. Það eru líka tarnir þegar það eru leikir. Ég er að fara út tvisvarþrisvar í mánuði en stundum kemur það samt fyrir að ég fari ekki í langan tíma.“

Þegar samningstímanum lýkur verður Patrekur búinn að vera með liðið í níu ár. Hann hlýtur að vera ánægður fyrst hann er til í að vera svona lengi.

„Það hefur gengið vel og þetta hefur verið skemmtilegt. Núna er ný og skemmtileg áskorun fram undan hjá mér sem verður gaman að takast á við. Það er gaman að byggja upp lið frá grunni. Þetta er starfið sem ég valdi mér. Mér finnst það skemmtilegt og ég tel mig vera góðan í þessu starfi.“
henry@frettabladid.is

Nýjast

Enska úrvalsdeildin

Stoke	0–2	Watford
Norwich	0–1	WBA
West Ham	2–1	Chelsea
Leicester	1–0	C. Palace
Aston Villa	1–2	Swansea
Arsenal	2–1	Everton
Sunderland	3–0	Newcastle
Bournemouth	1–5	Tottenham
Man. Utd	0–0	Man. City
Liverpool	1–1	Southampton

Efst

Man. City	22	Norwich	9
Arsenal	22	Bournemouth	8
West Ham	20	Sunderland	6
Man. Utd	20	Newcastle	6
Leicester	19	Aston Villa	4

Neðst

Hvað gerði Gylfi?

Gylfi Þór Sigurðsson komst loksins á blað hjá Swansea í vetur en hann skoraði glæsilegt mark beint úr aukaspyrnu í flottum útisigri á Aston Villa. Þetta ætti að gefa honum byr undir báða vængi eftir rólega byrjun á tímabilinu.

Stærstu úrslitin

